

Reykjavík 13. desember 2021

Stjórn Félags kvikmyndagerðarmanna hefur kynnt sér drög að reglugerð um Kvikmyndasjóð sem sett er fram í samráðsgátt Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Viljum við hér með nýta rétt okkar til athugasemda.

9 gr. Um veitingu framleiðslustyrkja:

Tímabundin vilyrði og framleiðslustyrkir eru aðeins veittir sjálfstæðum framleiðendum sem hafa reynslu og/eða staðgóða þekkingu á kvikmyndagerð. Kvikmyndasjóði er þó einnig heimilt að veita styrki til tilrauna-/sprotaverkefna nýrra framleiðenda og leikstjóra.

Við teljum að þetta mætti orða betur, þar sem síðari hluti málsgreinar virðist gera fyrri hlutann merkingarlausan. Þ.e.a.s. ef að veita á styrki til nýrra framleiðenda er augljóst að styrkir eru ekki aðeins veittir framleiðendum með reynslu. Efnislega telum við þó sjálfsgagt að bæði séu veittir styrkir til reyndra og minna reyndra framleiðenda og leikstjóra.

11 gr. Um umsóknargögn og kostnaðaráætlun.

Okkur þykir eðlileg krafa að samningar við handritshöfunda og leikstjóra liggi fyrir við veitingu framleiðslustyrks en ekki að kröfur um fyrirbyggjandi samninga við tónhöfunda eigi við í öllum kvikmyndaverkefnum, t.d. í sumum heimildamyndum. Þarna væri hægt að hafa meiri sveiganleika eða bjóða möguleika á undantekningum.

12 gr. Málsmeðferð við mat á umsóknum.

Hlutverk ráðgjafa er nokkuð skýrt í þessari grein en önnur meðferð Kvikmyndamiðstöðvar á umsóknum er heldur óljósara. Í orðalagi er stofnunin persónugerð sbr. „telji kvikmyndamiðstöð...“ og „Kvikmyndamiðstöð fylgist með...“ Væri hægt að skilgreina betur þau stöðugildi innan KMÍ sem meta umsóknir að fenginni umsögn ráðgjafa, sem og þeirra sem sinna eftirfylgni?

13 gr. Meðferð og umsýsla umsókna.

Endanleg ákvörðun skal tekin eins fljótt og unnt er.

Við erum að sammála því að það sé mikilvægt að ákvarðanir séu teknar eins fljótt og auðið er en þykir jafnframt afar mikilvægt að sett séu tímamörk við meðferð og umsýslu umsókna. Þarna væri hægt að halda orðalaginu að mestu en með tilgreindum umsýslutíma t.d.: „ákvörðun skal tekin eins fljótt og unnt er en þó ekki síðar en 10 vikum eftir að umsókn hefur borist..“

16 gr. Greiðslur styrkja.

Framleiðslustyrkir til annarra flokka kvikmynda skulu greiddir í hlutum eftir framvindu verks samkvæmt ákvæðum úthlutunarsamnings.

Hér þyrfti að skilgreina betur útgreiðslu styrkja t.d. til heimildamynda. Er einhver ástæða fyrir því að þær falli ekki að sama útgreiðslukerfi og leiknar myndir eða þáttaraðir? Ef svo er, hvaða þátta í framvindu verkefna verður tekið mið af við úthlutun og hvert er hlutfall úthlutunar í hverjum lið? Þetta orðalag býður upp á allt of mikla óvissu fyrir framleiðendur „annarra flokka“ þ.m.t. heimildamynda.

Loks vill Félag kvikmyndagerðarmanna fagna því að í reglugerðinni sé lögð áhersla á jöfnun kynjanna í úthlutunum Kvikmyndasjóðs en köllum jafnframt eftir markmiðum í kvikmyndastefnu, um *fjölskylduvæna kvikmyndagerð*, verði fylgt eftir. Mætti ekki bæta inn í reglugerðina ákvæðum um eftirfylgni Kvikmyndamiðstöðvar með ákveðnum þáttum í starfsumhverfi kvikmyndagerðarfólks t.d. aðstæðum á tökustöðum, öryggismálum og vinnutíma?

Virðingarfyllt,

F.h. Félags kvikmyndagerðarmanna


